

95. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 7. apríl 2020 og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Steinunn Guðný Einarsdóttir varaformaður og Helga Dóra Kristjánsdóttir aðalmaður.

Embættismenn:

Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi og Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Fundur haldinn með Zoom fjarfundabúnaði.

Dagskrá:

1. Göngustígar 2020 - 2020010070

Lögð fram samantekt um áætlaðan kostnað vegna göngustíga í samræmi við fundarbókun fyrri fundar í umhverfis- og framkvæmdanefnd.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur til að farið verði í þessar framkvæmdir og bætt verði við áningastöðum. Umhverfisfulltrúa er falið að hefja hugmyndavinnugerð vegna göngustígs að Siggakofa, einnig að göngustígatengingu við Engidal.

2. Terra - eftirlit 2020 - 2020010053

Lagt fram minnisblað Ralfs Trylla, umhverfisfulltrúa dags. 21.2.2020 varðandi hækkun gjaldskrár fyrir sorp á móttökustöð með tilliti til hækkunar urðunargjalds og vísitöluhækkana skv. samningi um sorphirðu og förgun í Ísafjarðarbæ.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd minnir á að staðið verði við gerða samninga. Umhverfis- og framkvæmdanefnd vísar til bæjarstjórnar breyttri gjaldskrá vegna herra urðunargjalds og vísitölubreytinga.

3. Hundaeftirlit 2020 - 2020030070

Umræður um samþykkt um hundahald í Ísafjarðarbæ og svæði þar sem hundar mega vera í lausagöngu.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd minnir á að lausaganga hunda er bönnuð innan þéttbýlis og hundaeigendur þurfi að taka tillit til annarra og sýna kurteisi. Málinu er vísað til skipulags- mannvirkjanefndar til frekari útfærslu.

4. Kría í sveitafélaginu - 2020030082

Umræður um kríur og aðkomu sveitarfélagsins um varpsvæði þeirra.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd minnir á að krían er friðaður fugl. Umhverfisfulltrúa er falið að vinna að lausnum næst mannabyggðum, þar sem vandamálið er stærst.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:20

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Helga Dóra Kristjánsdóttir

Ralf Trylla

Helga Þuríður Magnúsdóttir